

I 7. tbl.

18. maí. 2022

29 árg.

Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386



LAUGARDAGINN 11. JÚNÍ

KL. 09:00 - 15:00

Í MATARSMÍÐJUNNI Á LAUGUM

PYLSUGERÐAR- NÁMSKEIÐ

Á námskeiðinu eru kennd undirstöðuatriðin að pylsugerð. Farið er yfir helstu þætti sem snúa að pylsugerð, t.d. vali á kryddum, saltmagni, fituþrósentum og uppskriftargerð. Nemendur búa til tvær uppskriftir út frá grunni kennara. Innifalið í námskeiðinu er sirka 2 kg af pylsum.

Þetta námskeið hentar öllum þeim sem vilja öðlast aukna innsýn í mismunandi vinnsluþætti kjötvara. Námskeiðið hentar bæði byrjendum og lengra komnum.

SKRÁNING Á HAC.IS

S. 464-5100

VERÐ: 25.000 KR.



Þátttakendum er bent á að kanna rétt sinn til endurgreiðslu hjá sínu stéttarfélagi

Aðalfundur Grenjaðarstaðasóknar

verður haldinn í safnaðarstofunni
Grenjaðarstað, þriðjudagskvöldið 24. maí 2022 kl. 20:00

Venjuleg aðalfundarstörf.

Allir velkomnir.
Stjórnin.

Aðalsafnaðarfundur Nessóknar

verður haldinn í Neskirkju miðvikudagskvöldið
25. maí, klukkan 20:30.

- Venjuleg aðalfundarstörf.
- Kosningar.
- Önnur mál.

Sóknarnefnd.



Fundargerð

320. fundur sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar haldinn í Kjarna, fimmtudaginn 12. maí 2022, kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Árni Pétur Hilmarsson, Jóna Björg Hlödversdóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Sigurbjörn Árni Arngrímsson, Sigríður Hlynur Helguson Snæbjörnsson og Dagbjört Jónsdóttir.

Fundargerð ritaði: Dagbjört Jónsdóttir, sveitarstjóri.

Dagskrá:

1. Ársreikningur Þingeyjarsveitar 2021: Seinni umræða - 2204022

Ársreikningur Þingeyjarsveitar 2021 ásamt endurskoðunarskýrslu lagður fram til sjðari umræðu.

Ársreikningur Þingeyjarsveitar 2021 samþykktur samhljóða og undirritaður.

Ábyrgðarskuldbindingayfirlit staðfest og undirritað. Ársreikningurinn verður birtur á heimasíðu sveitarfélagsins að fundi loknum.

2. Sveitarstjórnarkosningar 2022 - 2202029

Sveitarstjórnarkosningar 2022 fara fram laugardaginn 14. maí og kjörskrá liggur fyrir.

Í Þingeyjarsveit eru 677 aðilar á kjörskrá og kjörstaður er í Ljósvetningabúð. Kjörstaður opnar kl. 10:00 og lokar kl. 22:00.

Kjörskrá er gerð samkvæmt 1. mgr. 27. gr. kosningarlaga og eiga allir þeir kosningarétt til sveitarstjórna sem fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

Íbúar sem skráðir eru með lögheimili í viðkomandi sveitarfélagi 38 dögum fyrir kjördag, 14. maí 2022:

- Íslenskir ríkisborgarar
- Eru 18 ára þegar kosning fer fram
- Norrænir ríkisborgarar óháð búsetutíma á Íslandi fá strax kosningarétt
- Aðrir erlendir ríkisborgarar með 3 ára samfellda búsetu (lögheimili) á Íslandi

Samkvæmt 119. gr. kosningalaganna „Tilkynning til nýrra sveitarstjórnarfulltrúa“ skal yfirkjörstjórn tilkynna hinum kjörnu aðalfulltrúum og varamönnum um úrslit kosninganna og að þeir hafi hlotið kosningu til setu í sveitarstjórn. Jafnframt skal yfirkjörstjórn senda nýkjörinni sveitarstjórn greinargerð um úrslit kosninganna. Þá er ekki lengur gerð krafa um að kjörskrá sé lögð fyrir sveitarstjórn til samþykktar.

Lagt fram til kynningar.

3. Félags- og menningarmálanefnd: Fundargerð - 1804034

Lögð fram fundargerð 69. fundar Félags- og menningarmálanefndar frá 29.04.2022. Hlynur gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í fimm liðum. *Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.*

4. Fræðslunefnd: Fundargerð - 1804052

Lögð fram fundargerð 92. fundar Fræðslunefndar frá 3.05.2022. Margrét gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í fjórum liðum. *Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.*

5. Skipulags- og umhverfisnefnd: Fundargerð - 1804018

Lögð fram fundargerð 148. fundar Skipulags- og umhverfisnefndar frá 5.05.2022. Ásvaldur gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í sex liðum.

1. liður fundargerðar; Skógar í Fnjóskadal, beiðni um breytingu á aðal-skipulagi - 2201012

Sveitarstjórn tekur undir afgreiðslu Skipulags- og umhverfisnefndar og felur skipulagsfulltrúa að vinna áfram að breytingu á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010 - 2022 að teknu tilliti til þeirra umsagna sem bárust við skipulags- og mats-lýsingu.

2. liður fundargerðar; Vegagerðin, umsókn um framkvæmdaleyfi um efnis-nám úr námu - Arnstapanáma - 2204028

Sveitarstjórn samþykkir bókun skipulags- og umhverfisnefndar og felur skipulags-fulltrúa að gefa út framkvæmdaleyfi skv. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 og 13.-16. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Ásvaldur tók ekki þátt í afgreiðslu þessa liðar vegna vanhæfis. Fundargerðin staðfest að öðru leyti.

6. Brunavarnarnefnd: Fundargerðir - 1809018

Lögð fram fundargerð 35. fundar Brunavarnarnefndar Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar frá 28.04.2022. Arnór gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í fjórum liðum.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina fyrir sitt leyti.

7. Aðalfundarboð Mývatnsstofu 2022 – 2205003

Lagt fram aðalfundarboð Mývatnsstofu, sem haldinn var miðvikudaginn 4. maí s.l. Sveitarstjórn afgreiddi erindið í tölvupósti milli funda þann 3.05. 2021 þar sem samþykkt var að Sigríður Hlynur Helgu Snæbjörnsson færi með umboð Þingeyjar-sveitar á fundinum.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðsluna.

8. Aðalfundarboð Veiðifélags Fnjóskár 2022 - 1811047

Lagt fram aðalfundarboð Veiðifélags Fnjóskár sem haldinn var miðvikudaginn 11. maí s.l. Sveitarstjórn afgreiddi erindið í tölvupósti milli funda þann 10.05.2021 þar sem samþykkt var að Margrét Bjarnadóttir færi með umboð Þingeyjarsveitar á fundinum.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðsluna.

9. Móar: Umsókn um byggingarleyfi - 2204027

Tekin fyrir umsókn um byggingarleyfi að Móum í Fnjóskadal, dags. 1.05. 2022 frá Sigríði Árdal. Meðfylgjandi er samþykki nágranna og umsögn Minjastofnunar og Vegagerðarinnar á áformunum.

Skipulags- og umhverfisnefnd fól skipulagsfulltrúa að grenndarkynna fyrirhuguð byggingaráform að Móum fyrir nágrönnum og öðrum hagsmunaaðilum eins og 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um á fundi sínum 5. maí s.l.

Svör sem bárust við grenndarkynningu gefa ekki tilefni til breytinga á áformunum *Sveitarstjórn samþykkir umsókn um byggingarleyfi að Móum og felur byggingar-fulltrúa að gefa út byggingarleyfi þegar tilskilin gögn hafi borist.*

Margrét vék af fundi vegna vanhæfis.

10. Skýrsla sveitarstjóra - 1903026

Sveitarstjóri fór yfir helstu verkefni úr starfi sveitarfélagsins síðustu vikur.

Samtaka um hringrásarhagkerfið

Samráðsfundur var haldinn um hringrásarhagkerfið þann 5. maí s.l. sem kallar á endurskipulagningu sorphirðu og innheimtu gjalds hjá sveitarfélögum. Markmiðið er að mynda lokað efnahagslegt kerfi þar sem hráefni fer í endurvinnslu og sem minnst skili sér til endanlegrar förgunar með urðun eða brennslu. Þessi endurskipulagning kemur til skoðunar við gerð fjárhagsáætlunar 2023.

Verkefnaráð Hólasandslínu 3

Síðasti formlegi fundurinn var haldinn í verkefnaráði Hólasandslínu 3, þann 27. apríl sl. en verkefnaráðið hefur komið saman eftir þörfum á undirbúnings- og framkvæmdatíma. Á fundinum var farið yfir stöðu framkvæmdarinnar en vinna við loftlínu hefur legið að mestu niðri vegna aðstæðna í vetur en stefnt er að hún hefjist af fullum krafti með vorinu. Slóðagerð er nánast lokið og um 90% undirstaðna. Búið að reisa um 75% mastra og strengja um 30% leiðarinnar.

Bílaplan við Þingeyjarskóla

Samþykkt tilboð liggur fyrir í malbikun og jarðvinnu bílaplans við Þingeyjarskóla en þetta eru allt að 1.900 m². Eftir stendur rafmagn, ljósastaurar, skurðgröftur o.fl. Gert er ráð fyrir hleðslustöðvum en þær eru ekki á áætlun þessa árs.

Seigla/Stjórnsýsluhús

Búið er að ráða byggingarstjóra yfir framkvæmdinni í Seiglu þar sem stjórnsýsla sveitarfélagsins mun vera með aðsetur. Framkvæmdir hefjast í sumar þar sem farið verður í jarðvegsvinnu og byggingu lyftustokks utan húss. Stefnt er að framkvæmdum innan dýra í vetur.

Enduruppbygging í Útkinn

Verið er að ganga frá ráðningu verkefnisstjóra vegna enduruppbyggingar í Útkinn sem ætti að geta hafið störf á allra næstu dögum. Verkefnastjóra er ætlað að halda utan um framkvæmdina í samráði við ábúendur, gera verkáætlun, greinargerðir og hafa milligöngu við verktaka og stofnanir ríkisins. Ríkisstjórnin samþykkt á fundi sínum þann 22. apríl s.l. allt að 160 m.kr. framlag úr almennum varasjóði fjárlaga til að mæta kostnaði af völdum skriðufallanna.

Endurfjármögnun Vaðlaheiðarganga

Vinna við endurfjármögnun Vaðlaheiðarganga stendur yfir og búist er við að skjalagerð vegna hennar verði kláruð á næstu vikum.

50 ára afmæli Stórutjarnaskóla

Í tilefni af 50 ára afmæli Stórutjarnaskóla buðu starfsfólk og nemendur skólans til afmælis hátíðar í skólanum þann 10. maí s.l. þar sem margt var um manninn og fjölbreytt dagskrá. Bygging Stórutjarnaskóla hófst árið 1969 og voru það fjögur sveitarfélög sem stóðu að byggingunni, Ljósavatns-, Háls-, Bårdæla- og Grýtubakkahreppur. Kennsla hófst haustið 1971 í heimavistarálmunni en kennsluálman var tekin í notkun árið 1973 og tengiálman í áföngum frá 1976 til 1978.

Að lokum

Komið er að lokum kjörtímabilsins og síðasta fundi sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar, fundur nr. 320 en fyrsti fundurinn sem ég sat var nr. 99. Í tvö og hálf kjörtímabil eða tíu ár hef ég gegnt starfi sveitarstjóra Þingeyjarsveitar sem hefur verið afar lærdómsríkt, krefjandi, skemmtilegt, stundum erfitt en aldrei leiðmlegt. Starfið hefur verið ótrúlega fjölbreytt og verkefnin mörg, oft á tíðum aðeins of mörg og atið full mikið en samt svo ótrúlega skemmtilegt.

Þakklæti er mér efst í huga, hljómar kannski eins og klisja en það er bara þannig, ég er þakklát fyrir að hafa fengið þetta tækifæri, að starfa fyrir sveitarfélagið mitt sem hefur gefið mér

svo margt og ég vona að ég hafi líka gefið til baka.

Hef átt afar gott samstarf með fulltrúum allra sveitarstjórnanna í gegnum tíðina og þakka fyrir það. Oddvita þakka ég sérstaklega fyrir frábært samstarf en við höfum starfað þétt saman öll árin. Einnig hef ég kynnst fjölmörgum á vettvangi sveitarstjórnarmála og átt ánægjulegt samstarf. Þá má ég til með að nefna samstarfsfólk mitt á skrifstofunni og þann frábæra vinnustað. Að vakna á morgnana og hlakka alltaf til að mæta til vinnu er ekki sjálf gefið en þannig hefur mér liðið öll þessi ár og starfsfólkið á sinn þátt í því. TAKK þið eruð öll frábær.

Það er ljóst að breytingar eru framundan, eftir sveitarstjórnarkosningarnar á laugar daginn kemur verður til nýtt sameinað sveitarfélag Þingeyjarsveitar og Skútustaða-hrepps og ég mun láta af störfum sem sveitarstjóri Þingeyjarsveitar, sátt og reynslunni rikari. Ég hef fulla trú á að sameinað sveitarfélag eigi bjarta framtíð fyrir sér með fullt af tækifærum sem hægt verður að nýta íbúum og samfélaginu til heilla, vinnum öllum saman að því.

Takk fyrir mig.

11. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð - 1804006

Fundargerð 909. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Lögð fram til kynningar.

Varðandi 12. lið fundargerðar; Tilnefning í samráðsnefnd um fiskeldi, vill sveitarstjórn ítreka bókun sína frá 26.09.2019 svohljóðandi:

Þar sem ekki verður séð á ályktunum Landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga undanfarin ár að afstaða hafi verið tekin með laxeldi í sjókvíum við Ísland óskar sveitarstjórn eftir rökstuðningi stjórnar sambandsins fyrir því af hverju viðkomandi fulltrúar voru tilnefndir í samráðsnefnd um fiskeldi fyrir hönd sambandsins. Hagsmunir sveitarfélaga í þessu máli eru mismunandi og því mikilvægt að hlutleysis sé gætt.

Veidar á villtum laxi er mikilvægur atvinnuvegur í Þingeyjarsveit og fleiri sveitarfélögum. Það er að mati sveitarstjórnar ekki hægt að sjá að í þeim áfornum sem fyrir liggja um laxeldi í sjó við Ísland muni villtir laxastofnar njóta vafans með nógu óyggjandi hætti.

12. Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE): Fundargerð - 2002017

Fundargerð 37. fundar stjórnar SSNE.

Lögð fram til kynningar.

13. Héraðsnefnd Þingeyinga: Fundargerð - 1804023

Fundargerð 15. fundar fulltrúaráðs Héraðsnefndar Þingeyinga.

Lögð fram til kynningar.

14. Brák hses: Fundargerðir - 2205009

Fundargerðir 1., 2. og 3. fundar stjórnar Brákar hses.

Lagðar fram til kynningar.

Í lok fundar þakkaði oddviti sveitarstjórnarfulltrúum fyrir einstaklega gott samstarf á kjörtímabilinu, sérstaklega þakkaði hann Margréti og Ásvaldi fyrir þeirra störf sem nú hverfa af vettvangi sveitarstjórnarmála. Einnig þakkaði oddviti sveitarstjóra fyrir frábært samstarf s.l. tíu ár.

Aðrir sveitarstjórnarfulltrúar þökkðu einnig fyrir gott samstarf.

Fundi slitið kl. 15:10.

Leikskólinn Ylur, Mývatnssveit

Leikskólinn Ylur auglýsir eftir þremur leikskólakennurum.

100% staða deildarstjóra

100% staða leikskólakennara

100% staða leikskólakennara

Ylur er tveggja deilda leikskóli í Mývatnssveit. Í haust er gert ráð fyrir að um 25 börn verði í leikskólanum á aldrinum 1 – 5 ára en börn eru tekin inn í leikskólann frá 10 mánaða aldri. Ylur er grænfána- og heilsueflandi leikskóli sem leggur áherslu á leik og útikennslu, unnið er eftir agastefnunni jákvæðum aga.

Frekari upplýsingar gefur skólastjóri, Hjördís Albertsdóttir,
hjordis@reykjahlidarskoli.is og í síma 464-4375.

Umsóknarfrestur er til 29. maí 2022.

STYRKTARFÉLAG

HEILBRIGÐISSTOFNUNAR ÞINGEYINGA

heldur aðalfund sinn miðvikudaginn 25.maí kl. 16:00 í kaffistofu Heilsugæslunar á Húsavík, gengið inn að vestan.

Dagskrá aðalfundar:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Stjórn leggur fram endurskoðaða reikninga.
3. Umræður um skýrslu og reikninga.
4. Kosning stjórnar og endurskoðanda
5. Önnur mál.

Allir velkomnir.

Stjórnin

Kæru vinir og velunnarar

Okkur Fagraneskots fjölskyldunni langar til að bjóða ykkur velkomin heim til okkar í fjárhúsin, sunnudaginn 22. Maí 2022. Við ætlum að opna dyrnar og taka á móti öllum frá kl.11:00 til 15:00 sem áhuga hafa að sjá sauðburðar lífið og bjóða upp á kleinur og kakó. Við eflum til styrktar dags vegna þess að nú er að verða liðið hálf ár frá því Rán og fjölskyldunni hennar bárust þær erfiðu fréttir um slæmt ástand tvíburana þeirra. Móðir náttúra var ekki sanngjörn og annar tvíburinn bjó við lífshættulegar aðstæður í móðurkviði og var frá upphafi ekki hugað líf og þar af leiðandi var bróðirinn einnig í lífshættu. Rán er Pollyanna að eðlisfari og hefur alltaf reynt að vera hörð í gegnum allt sem lífið á hana kastar, hún hefur sýnt svo mikla þrautseigju og þolinmæði þrátt fyrir að alltaf blæs vindurinn á móti. En nú þarf hún á aðstoð okkar að halda.

24. Mars 2022 voru drengirnir tveir sóttir með keisaraskurði á 29 viku meðgöngu og hafa barist hetjulega fyrir lífi sínu á vökudeild síðan og koma öllum á landspítalanum stanslaust á óvart. Þetta er búið að vera langt ferli sem ekki sér fyrir endann á, þau Rán og Shay verða að meta alltaf einn dag í einu og hafa gert meira og minna allt þetta ár. Þau búa í líttillí sjúkrahúsi í Reykjavík og fengu hann Atlas loksins til sín um Páskana eftir langan aðskilnað. Það er ekki vítað en hvenær þau snúa heim aftur, en vonandi hafa tvíburarnir fjötlega heilsu til að verða fluttir á sjúkrahúsið á Akureyri þá kæmist fjölskyldan allavega aðeins nær heimahögunum. Það hafa fylgt þessu margar áskoranir á meðgöngunni, eins og t.d. Sjúkraferðir til Svíþjóðar, mörg flug til að sækja læknisþjónustu, flutningur til Reykjavíkur, atvinnu tap, röskun á heimilislífi svo ekki sé talað um áföllin sem fylgja því að víta ekki hvort börnin þín lifa eða deyja. Það er nógu erfitt líkamlega og andlega að standa í svona baráttu og okkur finnst að ekki ætti að bæta fjárhagsáhyggjum ofan á allt saman. Því langar okkur að biðla til ykkar hvort þið séu í stakk búin að veita litla fjárhagsaðstoð henni Rán og fjölskyldunni litlu.

Við munum vera með söfnunarbauk í fjárhúsunum sem hægt verður að setja pening í á staðnum en einnig höfum við opnað styrktarreikning til að safna inn á fyrir þau.

Reikningsnúmer: 11110 - 05 - 250441

Kennitala: 240594 - 4129

Frekari upplýsingar er hægt að efla hjá Patrycju Mariu í símanúmer 8645652.

